

Alþingi
Erindi nr. P 139/1585
komudagur 4.3.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. mars 2011

1102026SA GB
Málalykill: 203

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Vegagerðina, 386. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 21. febrúar, sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

1. Almennt um frumvarpið

Sambandið telur ástæðu til þess að gera athugasemd við það hve skammur umsagnarfræstur er veittur um málið, sem felur í sér mjög víðtækar breytingar á stjórnarsýslu samgöngumála. Í því sambandi telur sambandið rétt að vekja athygli samgöngunefndar Alþingis á svohljóðandi ályktun Hafnasambandsþings frá september 2010:

„Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september tekur undir með stjórn Hafnasambands Íslands, sem telur það ekki viðunandi kost að sérþekkingu og þjónustu á sviði hafnamála sé dreift á fleiri ríkisstofnanir og leggst þingið eindregið gegn því að Siglingastofnun verði skipt upp.“

Í umsögn Hafnasambands Íslands um frumvörp til laga um Farsýsluna og Vegagerðina, 385. og 386. mál, er bent á að nefnd um framtíðarskipan stofnana í samgöngumálum kynnti í júní 2009 fimm valkosti um stofnanaskipan, auk tillagna og ábendinga um meiri samhæfingu í samgöngumálum. Í þeirri skýrslu er megintillaga nefndarinnar að könnuð verði nánar hugmynd um nýja stofnun hafs og strandar. Tillagan gengur út á það að verkefni Siglingastofnunar, Landhelgisgæslu og Fiskistofu ásamt afmörkuðum verkefnum annarra stofnana s.s. Umhverfisstofnunar og Hafrannsóknarstofnunar, verði falin hinni nýju stofnun.

Sú leið sem lögð er til í því frumvarpi sem hér er til umsagnar gengur hins vegar út á að hin nýja Vegagerð hafi með höndum framkvæmdaverkefni á sviði vega- og hafnargerðar ásamt því að fara með málefni almenningsgangna á hafi og landi.

Af hálfu Sambands Íslenskra sveitarfélaga er ekki tekin afstaða til þess fyrirkomulags á stjórnarsýslu sem lögð er til í frumvarpinu. Skipulagsmálanefnd og stjórn sambandsins hafa hins vegar ályktað um nauðsyn þess að vegalög nr. 80/2007 verði endurskoðuð sem fyrst til þess að unnt verði að bæta samræmi þeirra laga við nýsett skipulagslög. Leggur sambandið til að við frumvarpið verði bætt bráðabirgðaákvæði um að endurskoðun vegalaga verði lokið fyrir 1. júní 2012. Má ljóst vera að sú endurskoðun er nauðsynleg enda fela sum ákvæði frumvarpsins, t.d. 14. gr., í sér skörun við ákvæði vegalaga.



Í þessu sambandi má benda á vandamál sem komið hafa upp við gerð vegaskrár, sbr. 7. gr. vegalaga og óvarlega beitingu Vegagerðarinnar á ákvæði í 2. mgr. 28. gr. vegalaga, sem leitt getur til alvarlegs inngríps í skipulagsvald sveitarfélaga. Jafnframt ber að taka fram að sveitarfélögin gerðu alvarlegar athugasemdir við ýmis fleiri ákvæði þeirra laga og er því mikilvægt að löggin verði endurskoðuð í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra. Einnig er rík ástæða til þess að metinn verði kostnaðarauki sveitarfélaga af völdum laganna og tillögu að nýrri vegaskrá, en þrátt fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga frá 30. desember 2005 var ekki gerð kostnaðarumsögn um frumvarp sem varð að lögum nr. 80/2007.

2. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 3. gr. Sambandið leggur til að í greininni verði fjallað sérstaklega um samráð og samstarf Vegagerðarinnar við einstök sveitarfélög vegna fyrirhugaðra framkvæmda og landshlutasamtök sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefndir um stefnumörkun á starfssvæðum þeirra. Ljóst er að miklu skiptir að þessir aðilar samræmi stefnu og verklag til að tryggja eðlilegan framgang samgönguverkefna. Þetta á m.a. við um vegagerð og vegaskrá, hafnarframkvæmdir, almenningssamgöngur og stefnu um sjálfbærar samgöngur. Sambandið leggur áherslu á að Vegagerðin þarf að hafa hliðsjón af skipulagsáætlunum sveitarfélögum við sína áætlanagerð og leita jafnframt eftir nauðsynlegum leyfum til framkvæmda þegar það á við.

Um 4. gr. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 5. gr. vegalaga skal Vegagerðin „vinna í samræmi við markmið samgönguáætlunar hverju sinni“. Sambærilegt ákvæði virðist vanta í frumvarpið en að áliti sambandsins er nauðsynlegt að áréttu að stofnunin skuli haga sinni áætlanagerð í samræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin og Alþingi hafa samþykkt hverju sinni, m.a. með samþykkt samgönguáætlunar og landsskipulagsstefnu. Þetta skiptir m.a. máli þegar áherslur stofnunarinnar samrýmast ekki þeim skipulagsáætlunum sem eru í gildi á hverjum tíma, en slíkir árekstrar hafa nýlega orðið varðandi þjóðveg nr. 1 á Norðvesturlandi. Óvissa um túlkun á 2. mgr. 28. gr. hefur þar valdið miklum tögum á staðfestingu aðalskipulagsáætlana viðkomandi sveitarfélaga.

Um 5. gr. Við lestur frumvarpsins verður ekki séð hvort gerð vegaskrár, sbr. 7. gr. vegalaga, verði verkefni Vegagerðarinnar eða Farsýslunnar. Mikilvægt er að ábyrgð á því verkefni sé skýr í lögum sem sett eru um viðkomandi stofnanir.

Um 7. gr. Skýrt er samkvæmt frumvörpunum um Vegagerðina og Farsýsluna að almenningssamgöngur verða verkefni Vegagerðarinnar. Að áliti sambandsins er hlutverk Vegagerðarinnar á þessu sviði mjög þröngt skilgreint í 7. gr. frv. Má sem dæmi nefna að ekkert er vikið að stefnumótun á sviði almenningssamgangna og samstarfi við sveitarfélög um framþróun almenningssamgangna. Sætir þetta furðu í ljósi þess að það er eitt af skilgreindum markmiðum stofnunarinnar skv. 1. gr. frv. að stuðla að sjálfbærum samgöngum. Einnig verður að telja ástæðu til þess að tilgreina útgáfu sérleyfa sem eitt af verkefnum stofnunarinnar skv. 7. gr.




Um 8. gr. Í greininni er fjallað um samgönguöryggi. Ekkert er þó vikið að því hvort stefnt sé að því að draga úr fjölda vélknúinna ökutækja á vegum með því að auka áherslu á almenningsgöngur og aðra vistvæna ferðamáta.

Um 11. og 14. gr. Í umræddum greinum er opnað á ýmis rekstrarform verkefna án þess að í frumvarpinu eða skýringum við viðkomandi greinar komi fram skilyrði eða takmarkanir við slíku framsali. Verður að ætla að um slík tilvik gildi 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997 og reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Hins vegar kann að vera ástæða til að taka fram í 15. gr. frumvarpsins hvort málskotsréttur til ráðherra gildi um ákvarðanir sem einkaréttarlegir aðilar taka á grundvelli framsalsheimilda í frumvarpinu.

Um 12. gr. Í greininni er fjallað um fjármögnun Vegagerðarinnar, m.a. um heimild til þess að ákveða í samgönguáætlun að veghald einstakra kafla þjóðvega skuli kostað að hluta eða öllu leyti með veggjaldi eða notkunargjaldi. Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur ekki mótað afstöðu til töku veggjalda en ljóst er að mikil andstaða er við slík áform í sveitarstjórnnum víða um land.

Um 17. gr. Það sætir nokkurri furðu að ekki skuli lagðar til viðtækari breytingar á öðrum lögum en fram koma í greininni og í 20. gr. frumvarps um Farsýsluna. Má í því sambandi benda á að heiti Siglingastofnunar kemur fyrir í fleiri en 20 lögum. Nauðsynlegt er að gera breytingar á frumvarpinu til að tryggja lagasamræmi.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs